



Garðyrkja ehf byggir á 40 ára þekkingu og reynslu Steinþórs Einarssonar skrúðgarðameistar a. Steinþór lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Tjörnina en með skólanum hafði hann unnið á sumrin, fyrst sem kaupamaður í sveit og svo sem verkstjóri í Vinnuskóla Hafnarfjarðar og síðar hjá Garðyrkjustjóra bæjarins. Því lá beint við þegar framhaldsnám var ákveðið að fara í Garðyrkjuskóla Ríkisins að Reykjum í Ölfusi og læra skrúðgarðyrkju. Strax að sveinsprófi loknu 1978 var Steinþór ráðinn Garðyrkjustjóri Hafnarfjarðar og meistaraáráttindi í skrúðgarðyrkju hlaut hann 1979. Frá

1988 til dagsins í dag hefur hann verið sjálfstætt starfandi skrúðgarðameistari í eigin fyrirtæki og komið að fjölda verka víðsvegar um landið.

Frá

2006

hefur

Garð

yrkja ehf

starfað sem innflutnings og ráðgjafafyrirtæki sem leitar allra leiða til þess að létta erfið störf og útvega hágæða vörur á umhverfissviði. Í samvinnu við virt og vönduð fyrirtæki í Evrópu og Ameríku hefur vöruúrval stöðugt aukist og ánægja viðskiptavina er besti vitnisburðurinn um það hvernig til hefur tekist. Ef þig vantar ráðgjöf eða vörur til þess að létta þér störfin þá endilega hafðu samband við okkur, netfangið er

gardyrkjan@simnet.is